

H.M. BOKASAFN
UNGMENNAFELAGS ÍSLANDS

ÞINGGERÐ

34. ÞINGS U.M.S.K.

ÞINGGERÐ

34. ÞINGS U.M.S.K.

P I N G G E R Ð

34. PINGS U. M. S. K.

I. 34. þing U.M.S.K. var haldið 2.-3. mars 1957 að Klébergi á Kjalarnesi. Formaður sambandsins, Ármann Pétursson, setti þingið og bauð fulltrúa velkomna. Þá bauð hann sérstaklega velkomna gesti þingsins, sem voru Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, Benedikt G. Waage, forseti Í.S.Í., og Hermann Guðmundsson, frkv. stj. Í.S.Í.

II. Þá var kosin kjörbréfanefnd og hlutu kosningu þeir Ásbjörn Sigurjónsson, Hjalti Sigurbjörnsson og Kristján Þorgeirsson.

Nefndin tók þegar til starfa, en á meðan ávarpaði Benedikt G. Waage þingið. Bar hann kveðjur og árnaðaróskir frá Í.S.Í. Ræddi síðan samstarf Í.S.Í. við sambandsfélögin og bréf Í.S.Í. dags. 3.jan. 1957 til þeirra. En þar er meðal annars rætt um óánægju Í.S.Í. yfir þingsályktun Alþingis um bann við hnefaleikum, erfiðan rekstur íþróttablaðsins og dræmar skýrslugerðir félaganna.

Því næst skilaði kjörbréfanefnd álti og hafði Ásbjörn Sigurjónsson orð fyrir nefndinni. Gerði nefndin athugasemd við kjörbréf U.M.F. Aftureldingar, en þar hafði tölu heiðursfélaga verið bætt við tölu skattskyldra, svo að U.M.F. Afturelding hafði reiknað sér einum fltr. fleira en því bar. Var þetta síðan leiðrétt og kjörbréf öll samþykkt. Las Ásbjörn síðan upp nöfn fulltrúa og kynnti þá.

Fulltrúar voru þessir:

Frá U.M.F. Afturelding :	Guðjón Hjartarson Guðmundur G. Magnússon Tómas Sturlaugsson Janus Eiríksson Lárus Halldórsson Jón M. Guðmundsson Viggó Valdimarsson Sveinn Þórarinsson, form. félagsins Ásbjörn Sigurjónsson, varamaður
--------------------------	---

Frá U.M.F. Bessastaðahrepps: Ármann Pétursson
Helgi Jónsson
Hafsteinn Arnason, form. félagsins

Frá U.M.F. Breiðablik: Sigurður Grétar Guðmundsson
Pétur Sveinsson
Gunnlaugur Sigurgeirsson
Guðmundur Óskarsson
Magnús B. Kristinsson
Jóhann Lútersson
Björgvin Guðmundsson, form. félagsins

Frá U.M.F. Kjalnesinga: Bjarni Þorvarðsson
Kristján Þorgeirsson
Páll Ólafsson
Jón Ólafsson, form. félagsins

Frá U.M.F. Drengur: Ólafur Ág. Ólafsson
Njáll Guðmundsson
Ingi Steinar Ólafsson
Axel Jónsson
Ólafur Ingvarsson
Magnús Sæmundsson, form. félagsins

III. Þá voru kosnir starfsmenn þingsins:

1. þingforseti: Ólafur Ág. Ólafsson
 2. - - : Lárus Halldórsson
 3. - - : Sigurður G. Guðmundsson
- Ritarar: Jón Ólafsson
Bjarni Þorvarðsson

Þá tók forseti þingsins, Ólafur Ág. Ólafsson, við fundarstjórn og las dagskrá þingsins. (Þingskjal 1.)

IV. Þá var tekið fyrir fjórða mál þingsins, kosning nefndanefndar. Uppástunga um menn í nefndina kom frá formanni sambandsins, Ármanni Péturssyni, og voru það þessir: Axel Jónsson, Njáll Guðmundsson, Björgvin Guðmundsson, Sveinn Þórarinsson og Páll Ólafsson. Samþykkt samhljóða.

V. Skýrsla stjórnarinnar. Formaður sambandsins, Ármann Pétursson, tók til máls og skýrði frá starfsemi sambandsins á liðnu ári.

Í sambandinu eru nú 411 skattskyldir félagar í 5 félögum, en alls eru í sambandinu 538 félagar, þar með taldir félagar undir 16 ára aldri og heiðursfélagar.

Héraðsmót í skák fór fram á árinu og sendu öll félögin fimm sveit til keppni. Úrslit í þessu móti urðu þessi:

U. M. F. Drengur	10 vinninga
U. M. F. Afturelding	9½ vinning

U. M. F. Bessastaðahr.	8½	vinning
U. M. F. Breiðablik	8½	-
U. M. F. Kjalnesinga	3½	-

Hraðskákkeppni, sem fór fram að lokinni sveitakeppninni, vann Sófus Márusson frá U. M. F. Breiðablik. Þá var tefld fjölskák við rússneska skákmeistarann Mark Taimanov á 40 borðum og vann Taimanov á 36 borðum, tapaði tveim og gerði tvö jafntefli. Skákkeppni fyrir unglings var háð 21. maí og vann þá keppni sveit frá U. M. F. Bessastaðahrepps. Áhugi hefur verið mikill á sambandssvæðinu fyrir skákinni og fer vaxandi, sagði formaður.

Héraðsmót U. M. S. K. í frjálsum íþróttum var háð á Leirvogstungubökkum í Mosfellssveit 10. júní. Til keppni voru skráðir alls 22 keppendur frá tveim félögum, U. M. F. Dreng og U. M. F. Aftureldingu, og urðu þau jöfn að stigum. Stigahæstu einstaklingarnir voru þau Hörður Ingólfsson og Ragna Lindberg.

Þá skýrði formaður frá því, að Ólafur Thors alþm. hefði gefið sambandinu mjög glæsilegan verðlaunagrip, sem keppa ætti um í frjálsum íþróttum á héraðsmótum sambandsins. Pakkaði form. gefanda, og sagðist mundi leggja fram tillögur fyrir þingið, um að sambandið sendi honum kveðjur sínar og þakkir. Að öðru leyti vísaði formaður til reglugerðar um bikarinn, sem stjórn sambandsins hafði samið í samráði við gefanda, og hafði verið útbýtt á þinginu.

Knattspyrnumót var háð á Framvellinum í Reykjavík í septembermánuði og sendu 2 félög lið til keppni, U. M. F. Afturelding og Breiðablik. U. M. F. Afturelding vann leikinn með 3 mörkum gegn 2.

Þá las form. upp bréf frá K. S. I. varðandi útvegun knattspyrnuþjálfara fyrir næsta sumar, og brýndi hann félögin að biðja um þjálfara í tíma, svo að K. S. I. gæti orðið við óskum þeirra.

Starfsíþróttamót var haldið hjá Félagsgarði í Kjós 2. sept., og var þátttaka mjög góð. Alls voru skráðir til keppni 61 þátttakandi, 32 í dráttarvélakstur, 18 í búfjárdóma og 11 í starfshlaup. U. M. F. Drengur í Kjós vann þetta starfsíþróttamót mjög glæsilega. Ahorfendur voru margir. Taldi form. greinilegt, að starfsíþróttirnar ættu vaxandi fylgi að fagna, og væri það mikið gleðiefni.

Þá var í fyrsta skipti í sögu sambandsins efnt til kynnisferðar til

Norðurlanda. Fóru 10 félagar frá sambandsfélögunum til Svíþjóðar og dvöldu á æskulýðsmóti í Fornby í 4 daga, og fóru einnig til Danmerkur og Þýzkalands. Ferð þessi tókst ágætlega og var þáttakendum til mikillar ánægju. Pakkaði form. Þorsteini Einarssyni fyrir ágæta aðstoð í því máli. Þá var farin skemmtiferð til Vestmannaeyja og keppnisför íþróttamanna til Akureyrar. Einnig þessar ferðir voru ágætar. Taldi form. það fagnaðar-efni, að áhugi fyrir ferðum sambandsins færi vaxandi, en ferðirnar stuðluðu að aukinni kynningu milli félaganna. Þá gat form. þess, að Keflvíkingar byðu sambandinu til keppni í frjálsum íþróttum í Keflavík á næsta sumri.

Þá skýrði form. frá því, að samkvæmt beiðni F.R.I. hafi sambandið tekið að sér að sjá um meistaramót kvenna í frjálsum íþróttum; þáttakendur voru 8, allir frá sambandinu.

Þá gat form. ýmissa þeirra mála, sem sambandsstjórnin hefði unnið að á árinu, svo sem örnefnamálið, sem nú mun vera komið í örugga höfn, og væri örnefnasöfnun nú lokið á sambandssvæðinu. Væri þar lokið miklu og merkilegu starfi. Um byggðasafnsmálið, sem rætt var á síðasta sambandsþingi, sagði form., að rétt myndi að bíða og sjá til hvernig þeim söfnum reiddi af, sem nú væri verið að stofna til í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík. Þá ræddi form. um nýtt verkefni, sem vert væri að vinna að, en það væri að safna þjóðháttalýsingum hjá gömlu fólk, en það byggi yfir miklum fróðleik varðandi starfshætti og gamla þjóðarsiði, sem leggja þyrfti til sögu þjóðarinnar. Þá ræddi form. um verndun sögustaða og kvað stjórnina hafa það í huga, sem rætt var og ályktanir gerðar um á síðasta sambandsþingi. Þá gat form. þess, að nú þessa daga væri verið að undirbúa bridge-keppni innan sambandsins, og mundi U.M.F. Kjalnesinga sjá um mótið.

Að síðustu þakkaði form. meðstjórnendum sínum og félagsmönnum öllum ágætt og ánægjulegt samstarf á liðnu ári, og hvatti fulltrúa til aukins starfs að máleznum sambandsins.

Þá gaf forseti kaffihlé.

Er fundur hófst að nýju las gjaldkeri, Páll Ólafsson, endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir s.l. ár.

Niðurstöðutölur þeirra voru þessar:

Tekjur	kr. 23.213,84
Gjöld	- 17.729,55
Tekjuafgangur	- 5.484,29
Eign í árslok	- 8.613,76

Ásbjörn Sigurjónsson gerði athugasemd við færslu styrkloforðs frá Kópavogi, sem tekjur og eign. Ármann Pétursson skýrði þessa færslu í reikningunum. Í sama streng tóku þeir Ólafur Ág. Ólafsson, Axel Jónsson og Páll Ólafsson, er þeir tóku til máls um þetta, og töldu þetta réttilega fært. Voru síðan reikningarnir samþykktir samhljóða.

VI. Álit nefndanegefndar.

Framsögum. Axel Jónsson skýrði frá tillögum hennar. Voru þær samþykktar án athugasemda og skiptast þannig:

Félagsmálanefnd: Axel Jónsson, Guðmundur G. Magnússon,
Jón Ólafsson, Björgvin Guðmundsson,
Sveinn Þórarinsson.

Laga- og skipu-
lagsnefnd : Jón M. Guðmundsson, Pétur Steinsson,
Bjarni Þorvarðsson, Ólafur Ág. Ólafsson,
Hafsteinn Árnason.

Allsherjarnefnd : Ármann Pétursson, Lárus Halldórsson,
Magnús Sæmundsson, Sigurður G. Guðmundsson,
Kristján Þorgeirsson.

Íþróttanefnd : Jóhann Lúthersson, Steinar Ólafsson,
Janus Eiríksson, Tómas Sturlaugsson,
Gunnlaugur Sigurgeirsson, Ólafur Ingvarsson.

Fjárhagsnefnd : Páll Ólafsson, Njáll Guðmundsson,
Guðmundur Óskarsson, Viggó Valdimarsson,
Guðjón Hjartarson.

VII. Íþróttamál.

Þorsteinn Einarsson íþr. fulltr. tók til máls og ræddi um aðstöðu félaga á þessu sambandssvæði til íþróttaiðkana og úrbætur í því efni. Þeir sem stunduðu írbóttir væru alltof fáir, það vantaði íþróttavelli og leikvelli við skóla. En íþróttavellir nálægt höfuðstaðnum gætu ekki aðeins verið mikilvægir fyrir félög á svæðinu sjálfu, heldur líka þau fjarlægari, sem gætu fengið afnot af þeim á stórum mótum, jafnvel við erlenda íþróttamenn, þar eð íþróttavöllurinn í Reykjavík væri mjög ásetinn. Einnig ræddi hann nauðsyn þess að skipa æfingastjóra innan félaganna, og yfiræfingastjóra sambandsins. Hvatti hann og til þátttöku í fjöldamótum, svo sem íþróttavikunni, ungingakeppninni og samnorrænu-sundkeppninni. Einnig ræddi Þorsteinn utanfarir á norræn æskulýðs- og ungmennafélaga-mót, sem U.M.F.Í. þyrfti að skipuleggja. Nefndi hann í þessu sambandi för U.M.S.K. á s.l. sumri á Fornby-mótið, sem gott dæmi slíkra ferða. Að lokum ræddi hann landsmót U.M.F.Í. á Þingvöllum á sumri komanda,

að það yrði sem veglegast. Lagði Þorsteinn fram tillögur um þessi efni, er vísað var til íþróttá- og félagsmálanefndar án umræðna.

Armann Pétursson tók næstur til máls, ræddi um það, hvað væri hægt að gera til að auka þáttöku á íþróttamótum sambandsins t.d. að fá afreksmenn á mótin, einnig að afhenda verðlaunum á mótstað að keppni lokinni í hverri grein.

Næstur tók til máls Axel Jónsson. Þakkaði hann Þorsteini Einarsyni góðar tillögur. Ræddi síðan um landsmótið. Gat hann þess, að knattspyrna yrði nú tekin inn á mótið, og myndu fjögur félög keppa þar til úrslita. Taldi hann U.M.S.K. ætti að geta sent nokkuð sterkt lið á mótið, bæði í knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Þá taldi hann nauðsynlegt að senda handknattleikslið kvenna á mótið, því að í þeirri grein hafi sambandið unnið í tvö skipti áður. Þá ræddi hann nokkuð um sundíþróttina, og harmaði að sambandið skuli ekki geta tekið þátt í þeirri grein. Síðan ræddi Axel um þáttöku í hópsýningum á landsmótinu, og taldi hann góða aðstöðu til að æfa fyrir sýningu í félagsheimilum sveitanna.

Þá tók til máls Þorsteinn Einarsson og ræddi um að vafasamt væri að fá afreksmenn á íþróttamót sambandsins, en taldi að auka þurfi starfsmannalið á héraðsmótunum, svo að ekki verði eins þungt yfir þeim. Þorsteinn Einarsson þakkaði síðan móttökurnar og sagðist því miður verða að fara af þingi.

Hermann Guðmundsson tók næstur til máls. Ræddi hann um íþróttamál og nauðsyn þess að koma upp íþróttavelli að Brúarlandi, eins og Þorsteinn hafi rætt um. Þá ræddi hann um stjörnudýrkun þá, sem hefur verið innan íþróttahreyfingarinnar og hefði farið út í öfgar, en fjöldinn orðið útundan og stjörnurnar hafðar sem beitur á mótum. Hann kvað þetta nú vera mikið að breytast. Síðan þakkaði Hermann fyrir móttökurnar.

Axel Jónsson talaði því næst nokkur orð. Hann gat þess, að sambandið hafi sótt um styrk úr íþróttasjóði á síðasta sumri til væntanlegrar utanferðar íþróttamanna, og þakkaði hann stjórn Í.S.Í. fyrir góðar undirtektir um þá styrkbeiðni, enda þótt sambandið hafi ekki notað sér styrkinn. Að síðustu gat hann þess, að ekkert ungmennasamband hafi áður sótt um utanfararstyrk til Í.S.Í.

VIII. Bindindismál.

Frams.m. Axel Jónsson. Taldi hann horfur í bindindismálum mjög

slæmar hér á landi. Á árinu hafi verið stofnað Landsamband bindindisfélaga, og eru þar í íþróttafélög, ungmannafélög og fleiri félagasamtök, og munu þau reyna að finna leiðir til úrbóta. Axel taldi áfengisbann beztu leiðina, en ekki framkvæmanlega ennþá. Þrjár leiðir taldi hann að farnar yrðu til að byrja með. Fyrsta atriði, að ræða málið, annað, að auka fræðslu í skórum landsins, og hafa samtökin skorað á fræðslumálastjórnina að skipa fræðslustjóra í bindindismálum. Í þriðja lagi, aukið félagsstarf, og í því sambandi væri nauðsynlegt að auka fræðslu í félagsmálum. Þá ræddi hann um, að ofvaxið væri félögum að stofna löggæzlulið til löggæzlustarfa í sveitum, og taldi hann, að ríkinu bæri að kosta löggæzlu í sveitum, eins og félagasamtök Skagafjarðar legðu til í reglugerð sinni, og þar væri framkvæmt. Þá bar Axel fram tillögu í málinu, um að félögin ræði þessi mál á fundum sínum. Tillögunni var vísað til félagsmálanefndar.

IX. Starfsíþróttir.

Árman Pétursson tók til máls. Gat hann þess í upphafi, að Stefán Ol. Jónsson hefði ætlað að koma og ræða þessi mál, en sökum veikinda gæti hann ekki komið, og harmaði ræðumaður það, en gat þess um leið, að framkvæmdastjóri U. M. F. I., Stefán Gunnarsson, kæmi á þingið og talaði um landsmótið á Pingvöllum o.fl. Árman snéri svo máli sínu að starfsíþróttunum. Taldi hann, að við værum nokkuð á eftir öðrum þjóðum í þessu efni, en taldi þó rétt, að við færum að engu óðslega meðan þessi starfsemi væri að festa hér rætur. Samræma þyrfti reglur um starfsíþróttir, miðaðar við keppni við önnur lönd, og væri nú í endurskoðun þær reglur, sem hafa gilt til þessa. Þá taldi hann nauðsynlegt, að U. M. F. I. héldi námskeið fyrir starfsmenn starfsíþróttamóta. Síðan bar Árman fram tvær tillögur í málinu.

Næstur talaði Viggó Valdimarsson um nauðsyn þess að kenna meira í sambandi við starfsíþróttir, t.d. hvernig ætti að dæma gripi o.fl.

Jón Guðmundsson tók næstur til máls, og bar fram tillögu um að ríkið legði fram fé til þessara mála, einnig að stéttasamband bænda styrki þetta mál.

Þá upplýsti Árman Pétursson það, að Alþingi veitti styrk til starfsíþróttar að upphæð kr. 25.000,00.

Sigurður G. Guðmundsson talaði næstur, og taldi þetta ekkert einkamál sveitanna og gætu kaupstaðabúar keppt í sínum starfsgreinum líka.

Axel Jónsson talaði næstur. Taldi hann rétt að breyta um nafn á starfsíþróttum og kalla það starfskeppni. Hefði þetta verið rætt á þingi U.M.F.I. en ekki fengist samþykkt. Hann taldi nauðsynlegt að auka fræðslu í þessu máli.

Jón Guðmundsson ræddi um ummæli Sigurðar, að þetta væri einkamál sveitanna, og taldi hann það rétt, sagði síðan að þessi starfsemi væri leið til að varna flóttanum úr sveitum landsins og sjávarþorpum.

Ólafur Ág. Ólafsson talaði næstur, og sagði, að starfsíþróttir væru ekki einkamál sveitanna, heldur allra landsmanna.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs um þetta mál, og urðu síðan nokkrar umræður um tillögu Jóns Guðmundssonar, sem vísað var til félagsmála-nefndar.

Síðan gaf forseti matarhlé.

X. Ýms félagsmál.

Frams.m. Ármann Pétursson. Ræddi hann m.a. um verndun sögustaða, er sambandið þyrfti að beita sér fyrir. En á sambandssvæðinu væru tveir staðir, er ættu sér mikið sögulegt gildi, væru þeir þar sem Kópavogsfundurinn var haldinn og þar sem Kjalarnessping var háð til forna. Hefði hann rætt við þjóðminjavörð um þessi efni. Einnig ræddi Ármann söfnun þjóðháttalýsinga og minntist að lokum á þakkir, er bæri að senda Ólafi Thors fyrir styttru þá, er hann gaf sambandinu á 30 ára afmæli þess til keppni um á héraðsmótum þess, svo og þakkir til sýslunefnda Gullbr.- og Kjósarsýslu og bæjarstjórnar Kópavogs fyrir styrki þá, er þeir aðilar veittu U.M.S.K. Lagði hann fram tillögur í þessum málum, er vísað var til nefnda.

Axel Jónsson tók næstur til máls. Ræddi hann um gildi ferðalaga. Taldi utanför U.M.S.K. s.l. sumar hafa verið mjög lærðómsríka og gagnlega, og talaði um nauðsyn á gagnkvæmum viðskiptum félaga, er ferðuðust. Einnig ræddi Axel landsmótið á Pingvöllum n.k. sumar. Gæti U.M.S.K. haft sameiginlegar tjaldbúðir, en þar mætti e.t.v. veita keppendum og öðrum ýmsa þjónustu, svo sem sameiginlegt mötuneyti. Einnig minntist hann á nauðsyn þess að gera landsmótin ódýrari fyrir þau héraðssambönd, er héldu þau, en sú væri raunin, að þau hefðu mörg hver reist sér hurðarás um öxl vegna hins mikla kostnaðar. Bað hann nefndir að taka orð sín til athugunar.

Næstur talaði Ármanн Pé tursson og lagði fram tillögu um sambandsfána U. M. S. K. til notkunar á landsmótum. Mætti svo líka gera oddfána, einnig merki til að bera í barmi. Málinu síðan vísað til nefnda.

XI. Fréttir frá þingi F.R.I.

Lárus Halldórsson tók til máls og skýrði frá því merkasta, er gerðist á þinginu, er haldið var í nów. sl. Breyting var gerð á íþróttardegi, er breytt var í íþróttaviku, og stigatöflu breytt þannig, að fleiri gætu náð lágmarksafreki en áður. Ákveðið var á þingi F.R.I. að keppt skyldi á næstu íþróttaviku í þessum greinum: 100 m hlaupi, 1000 m hlaupi, langstökki og kringlukasti.

XII. Fréttir frá þingi K.S.I.

Sigurður Guðmundsson skýrði frá því helzta, er þar gerðist. Landsleikir voru tveir, við Hollendinga og Dani, og næsta sumar taka Ísl. þátt í heimsmeistarakeppni í knattspyrnu, og keppa í deild með Frökkum og Belgum. Sumarið 1957 væri fyrirhuguð þriggja landa keppni við Dani og Norðmenn.

XIII. Önnur mál.

Lárus Halldórsson gerði fyrirspurn til Axels Jónssonar, sem stjórnarmeðlims U.M.F.I., um hvítbláinn. En risin er upp deila milli U.M.F.I. og Menntaskólans á Laugarvatni, sem hefur tekið sér hvítbláann sem skólfána, og U.M.F.I. gerði ályktun á síðasta landsfundi um gerð fána og merkis með hvítbláinum.

Sigurður Guðmundsson gerði athugasemd við sambandslögin, er segir frá fresti til lagabreytingar fyrir aðalfund. Er hann 15 dagar, en aðalfundur skuli boðaður með 14 daga fyrirvara, svo að félögum gefist ekki frestur til þess að koma lagabreytingum á framfæri við stjórn sambandsins. Einnig gerði hann athugasemd við það, að einstök félög skuli ekki eiga tillögurétt um kosningu síns manns í stjórn sambandsins.

Jón M. Guðmundsson taldi ekki þurfa bíða eftir boðun um aðalfund ef félagar vildu koma lagabreytingu á framfæri, þar eð hann væri haldinn á líkum tíma ár hvert, og gæti því ekki komið félögum á óvart. Axel Jónsson tók í sama streng og Jón, varðandi kosningu stjórnarmeðlima einstaka félaga, taldi hann rétt, að sambandsþingið, sem æðsti aðili innan sambandsins, veldi stjórn þess. Svaraði hann því næst fyrirspurn

Lárusar um hvítbláinn. Væru fánarnir í pöntun. En hann kvað deilumál það, er Lárus minntist á, ekki vera úr sögunni ennþá.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, en klukkan orðin 10 að kveldi, frestaði forseti fundi til morguns.

Sunnudaginn 3. marz var fundur settur að nýju kl. 2 e.h. Bauð forseti Stefán M. Gunnarsson frkvstj. U.M.F.I., er mættur var á fundinn, sérstaklega velkominn og tók fyrir

XIV. Landsmótið á Pingvöllum.

Stefán M. Gunnarsson tók til máls, og flutti ágæta og athyglisverða ræðu. Ræddi hann uppruna og starfsemi ungmennafélaganna. Fyrsta mál þeirra hefði verið sjálfstæðisbaráttan, svo hefði komið önnur æskulýðsstarfsemi, sem þau hefði gert að boðskap sínum, svo sem íþróttir, uppfraðsla og önnur þjóðmálastarfsemi. Ræddi hann síðan hvernig þau hefðu staðið í stöðu sinni. Sjálfstæðis- og þjóðmálabaráttan hefði verið vel til lykta leidd. En þó starfsemin hefði verið öflug í byrjun, þá væru ungmennafélögin nú ekki nema svipur hjá sjón hjá því sem áður var. Þau hefðu staðnað og týnt mörgum málum, en einbeitt sér að fáum, sem fjöldinn næði ekki til. Þau væru ekki fyrst og fremst íþróttafélög, eins og margir héldu. Íþróttirnar væru ágætar út af fyrir sig, en þær væru ekki einhlítar. Bindindi ætti ekki að vinna að með heiti, heldur með raunsæi, byggðu á reglusemi. Dyggðin hætti að vera dyggð, ef hún verður að ofstæki. Sagt væri, að skemmtanalíf unga fólksins byggðist á bíóferðum, dansleikjum og nætursslarki. Þessu þyrfti að breyta með því að kenna æskunni að skemmta sér, og þroska hana til þess. Ekki bæri að útiloka neinn heldur aðeins sýna honum, að hægt væri að eiga glaða stund án áfengis og skaðsamlegra áhrifa. Ræðumaður lagði áherzlu á málfundastarfsemi, þar sem kenna þyrfti þjóðinni að hugsa rétt og ræða hlutina án pólitískra sjónarmiða. Stjórnmálflokkarnir hrifsuðu menn til sín og hugsuðu síðan fyrir þá. Ungmennafélögin ættu að rækta skóg, og vinna að híbýlaprýði og stofnun fegrunarfélagi í sveitum. U.M.F.I. þurfi að vera meira en nafn og samþykktir, og við skulum ekki gera neinar samþykktir, heldur vinna. Að lokum talaði Stefán um landsmót U.M.F.I. að Pingvöllum, er halda skal 29.-30. júní í sumar. Las dagskrá þess, og mátti þar heyra, að vel yrði til móts þessa vandað með fundarhöldum, íþróttum og margs konar skemmtan. Las hann áskorun stjórnar U.M.F.I.

bess efnis, að félagar sæktu mótt þetta vel og sýndu, hvers ungmennafélogin væru megnug.

Forseti þakkaði ágæta ræðu og bað nefndir að athuga það sem fram hefði komið í ræðu hans.

XV. Handknattleikssamband.

Axel Jónsson talaði um stofnun handknattleikssambands, en handknattleikur hefur heyrt undir I.S.I. Taldi hann nauðsyn bera til stofnunar sérsambands í handknattleik, þar eð það hefði gefist vel öðrum íþróttagreinum. Hann kvað þurfa sex aðila til slíkrar stofnunar og taldi, að U.M.S.K. bæri að verða aðili að slíku sambandi, ef stofnað yrði. Bar Axel fram tillögu um þetta, er vísað var til nefnda.

XVI. Fréttir frá félögum.

Frá U.M.F. Afturelding talaði Sveinn Þórarinsson, frá U.M.F. Breiðablik talaði Sigurður Guðmundsson, frá U.M.F. Drengur talaði Magnús Sæmundsson, frá U.M.F. Kjalnesinga talaði Jón Ólafsson, frá U.M.F. Bessastaðahrepps talaði Hafsteinn Árnason. Sögðu þessir aðilar í stórum dráttum frá starfsemi félaganna.

XVII. Þá gaf forseti orðið laust, ef fulltrúar vildu ræða einhver málefni, sem koma ættu fyrir nefndir.

Axel Jónsson tók til máls og minntist á minnisvarða Aðalsteins Sigmundssonar, sem fyrirhugað er að reisa í Þrastarskógi, svo og afmælismerki U.M.F.I., er bera ættu uppi kostnað af landsmótinu á Þingvöllum, og væri því nauðsyn á, að þau soldust vel. Einnig ræddi hann tímarit U.M.F.I. Skinfaxa, og hvernig mætti bæta hann að efni til, en útgáfa hans gengur mjög erfiðlega. Lagði ræðumaður fram tillögur um þessi efni. - Þá talaði Sigurður Guðmundsson og gagnrýndi Skinfaxa.

Armann Pétursson tók til máls og ræddi væntanlega skrásetningu sögu U.M.S.K. Hefði þess verið farið á leit við Loft Guðmundsson, að hann tæki að sér það verk. Axel talaði aftur og beindi því til félaganna, að þau skráðu sína eigin sögu og varðveittu ljósmyndir, er greindu frá starfi þeirra. Ólafur Ág. Ólafsson benti á fyrrverandi formenn og stjórnarnefndamenn U.M.S.K. sem góða heimildarmenn. Þá lagði Gunnar Sigurðsson fram tillögu um þetta efni, er vísað var til nefnda.

Þá gaf forseti kaffihlé og óskaði eftir, að nefndir tækju til starfa að því loknu.

XVIII. Álit þingnefnda.

A. Frá laga- og skipulagsnefnd:

Framsm. m. Jón Guðmundsson, las upp tillögur nefndarinnar, og gerði stutta grein fyrir þeim. Einnig minntist Jón á tillögu framkomna á 32. þingi U. M. S. K. um samræmingu á félagslögum innan U. M. F. I., að henni yrði hrundið í framkvæmd.

1. Um skipun nefndar til aðstoðar sambandsstjórn á landsmótinu n.k. sumar. Samp. samhlj. (Sjá þingskjal II)
2. Um bækistöð U. M. S. K. á Þingvöllum. Samp. samhlj. (Þskj. III)
3. Um stofnun handknattleikssambands. Samp. samhlj. (Þskj. IV)
4. Um söfnun þjóðháttalýsinga. Samp. samhlj. (Þskj. V)

Engar umræður urðu um þessar tillögur.

B. Frá félagsmálanefnd:

Framsm. m. Axel Jónsson. Tillögur nefndarinnar voru þessar:

1. Um innanfélagsmót í starfsíþróttum. Samp. samhlj. (Þskj. VI)
2. Um námskeið fyrir starfsmenn og stjórnendur starfsíþróttamóta. Samp. samhlj. (Þingskj. VII)
3. Um leiðbeiningar í starfsíþróttum. Samp. samhlj. (Þskj. VIII)
4. Um starfsíþróttir. Samp. samhlj. (Þskj. IX)
5. Um bindindi. Samp. samhlj. (Þskj. X)
6. Um árlega keppni í skák og bridge. Samp. samhlj. (Þskj. XI)
7. Um árlega skemmtiferð innanlands. Samp. samhlj. (Þskj. XII)
8. Um samkomu U. M. S. K. Samp. samhlj. (Þskj. XIII)
9. Um þátttöku á norrænu umf. móti í sumar. Samp. samhlj. (Þskj. XIV)

Engar umræður urðu um þessar tillögur.

C. Frá íþróttanefnd:

Framsm. m. Jóhann Lúthersson gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar, er voru:

1. Um ástundun íþróttæfinga. Samp. samhlj. (Þskj. XV)
2. Um íþróttavallagerðir. Samp. samhlj. (Þskj. XVI)
3. Um þátttöku í fjöldabáttökumótum. Samp. samhlj. (Þskj. XVII)

4. Um innbyrðiskeppni í samb. við íþróttavikuna. Samp. samhlj.
(Þskj. XVIII)
5. Um örfun sundáhuga. Samp. samhlj. (Þskj. XIX)
6. Um árlegt knattspyrnumót. Samp. samhlj. (Þskj. XX)
7. Um dómaranámskeið. Samp. samhlj. (Þskj. XXI)
8. Um knattspyrnuþjálfara. Samp. samhlj. (Þskj. XXII)
9. Um æfingastjóra. Samp. samhlj. (Þskj. XXIII)

Umræður:

Um lið 8 tóku til máls Jón Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson og Jóhann Lúthersson.

Um lið 9 tóku til máls Páll Ólafsson og Jón Guðmundsson.

D. Frá allsherjarnefnd:

Frams.m. Árman Þétursson mælti nokkur orð um tillögurnar og las þær síðan upp, og voru þær þessar :

1. Um Skinfaxa. Samp. samhlj. (Þskj. XXIV)
2. Um sögustaði. Samp. samhlj. (Þskj. XXV)
3. Um fánamálið. Samp. samhlj. (Þskj. XXVI)
4. Um landsmótið. Samp. samhlj. (Þskj. XXVII)
5. Um skólamál. Samp. samhlj. (Þskj. XXVIII)
6. Um sögu sambandsins. Samp. samhlj. (Þskj. XXIX)
7. Um dvöl varnarliðs í landinu. Samp. samhlj. (Þskj. XXX)

Umræður :

Um lið 1 tóku til máls Guðmundur Magnússon, Páll Ólafsson, Lárus Halldórsson, Axel Jónsson og Sigurður Guðmundsson.

Um lið 7 tóku til máls Axel Jónsson og Lárus Halldórsson.

E. Frá fjárhagsnefnd:

Frams.m. Páll Ólafsson skýrði frá fjárhagsáætlun fyrir árið 1957 og tillögum nefndarinnar.

1. Pakkir vegna styrkveitinga. Samp. samhlj. (Þskj. XXXI)
2. Um kosningu fjárlunarnefndar. Samp. samhlj. (Þskj. XXXII)
3. Um jóla og póstkort. Samp. samhlj. (Þskj. XXXIII)
4. Um þjóðdanskennara. Samp. með 1 mótagkvæði. (Þskj. XXXIV)
5. Pakkir til Ólafs Thors. Samp. samhlj. (Þskj. XXXV)
6. Fjárhagsáætlun f. árið 1957. Samp. með 1 mótagkvæði. (Þskj. XXXVI)

Umræður um tillögur fjárhagsnefndar:

1. Engar umræður.
2. Engar umræður.
3. Umræður nokkrar. Ármann Pétursson, Páll Ólafsson og Guðjón Hjartarson tóku til máls.
4. Fjörugar umræður urðu um tillögu þessa. Lárus Halldórsson mælti á móti, taldi þjóðdansa tilgangslausa og lítt eiga fylgi að fagna, einnig þyrfti að leita leyfis forráðamanna skólanna um slíka kennslu. Var því þá bætt inn í tillöguna.

Þá gerði forseti hlé á fundarstörfum til snæðings.

Er fundur hófst að nýju voru teknar aftur upp umræður um þessa tillögu. Njáll Guðmundsson mælti með henni, kvað hann þjóðdansa gagnsama og eiga fylgi að fagna. Sagðist hann hafa hrifist af þeim á ung-mennafélagsmótinu í Fornby s.l. sumar, en þar voru þeir mikið dansaðir. Einnig tóku til máls um þetta Axel Jónsson og Páll Ólafsson og fylgdu Njáli að málum. Var tillagan síðan borin upp og samp. með mótatkvæði Lárusar Halldórssonar, er gerði grein fyrir atkvæði sínu, og kvað U.M.S. K. betur geta varið fé sínu á annan hátt en til þjóðdansakennslu.

5. Allmiklar umræður urðu um þessa tillögu. Lárus Halldórsson kvað sig andvígán þeim 2000,00 kr., er veittar væru til þjóðdansakennslu, þar eð hann hefði verið á móti tillögunni um hana. Einnig vakti hann athygli á því, að jafnmiklu fé væri varið til íþróttakennslu og þjóðdansakennslu. Jón Guðmundsson talaði næstur og vildi láta félögin sjálf greiða þjóðdansakennsluna og tillagið til þjóðdansakennslunnar yrði skert um kr. 1000,00 og það gengi til íþr.kennslu. Njáll Guðmundsson, Axel Jónsson og Páll Ólafsson mæltu með þjóðdansakennslunni, hefði aldrei fyrr verið veittur styrkur til slíks, en ætti rétt á sér vegna fjöldapáttökunnar.

Þá báru Gunnl. Sigurgeirsson og Jóhann Lúthersson fram breytingar-tillögu, er þeir lögðu til, að fjárveiting til danskennslu verði kr. 1000,00 en til íþrótta kr. 3000,00.

Þá lögðu fulltrúarnir úr Kópavogi fram dagskrártillögu svohljóðandi:

"34. þing U.M.S.K. samþykkir að hætta umræðum um fjárhags-áætlunina og ganga til atkvæða um málið."

Dagskrártillagan samp. með 13:7 atkv.

Breytingartillagan felld með 11:9 atkv.

Var þá fjárhagsáætlunin borin til atkvæða og samþ. með öllum greiddum atkvæðum gagn einu.

XIX. Kosningar.

Formaður var kosinn: Árman Pétursson með 20 atkv.

Varaformaður: Gunnar Sigurðsson - 19 -

Meðstjórnendur : Páll Ólafsson - 22 -
Gestur Guðmundsson - 15 -
Steinar Ólafsson - 11 -

Varastjórn : Hafsteinn Árnason - 17 -
Njáll Guðmundsson - 15 -
Jón Ólafsson - 14 -
Sveinn Þórarinsson - 12 -
Gunnar Guðmundsson - 11 -

Endurskoðendur : Ólafur Ág. Ólafsson
Lárus Halldórsson

Til vara : Guðjón Hjartarson
Bjarni Þorvarðsson

Fulltrúar á þing UMFÍ: Árman Pétursson
Lárus Halldórsson
Axel Jónsson

Varamenn :
1. Sigurður Guðmundsson
2. Jón Guðmundsson
3. Gunnar Guðmundsson

Fulltrúar á þing ISÍ: Axel Jónsson

Til vara : Jón Guðmundsson

Fulltrúar á þing FRÍ: Jón M. Guðmundsson
Lárus Halldórsson
Axel Jónsson
Árman Pétursson

1. varam. Sigurður Guðmundsson
2. - Steinar Ólafsson
3. - Njáll Guðmundsson
4. - Gunnar Guðmundsson

Fulltrúar á þing KSÍ: Sigurður Guðmundsson

Varam. hans: Björgvin Guðmundsson
Jón Guðmundsson

Varam. hans: Janus Eiríksson

I íþróttadómstól var endurkjörinn Gísli Andrésson.

Fjárlöflunarnefnd:

Jón M. Guðmundsson
Magnús Sæmundsson
Björgvin Guðmundsson
Jóhann Jónsson
Bjarni Þorvarðsson

Til vara:

Hjalti Sigurbjörnsson
Sveinn Þórarinsson

XX. Pingslit.

Ármanн Pétursson kvaddi sér hljóðs. Pakkaði hann traust það, er sér væri sýnt, með því að kjósa sig formann sambandsins.

Formaður kvað mörg verkefni bíða úrlausnar og nauðsyn bæri því til góðs samstarfs. Hvatti hann félaga til þess að vinna vel, svo að til-lögurnar frá þessu þingi mættu ná fram að ganga. Svo þakkaði formaður fulltrúum fyrir komuna og árnaði U.M.S.K. allra heilla.

Þingforseti þakkaði að síðustu fulltrúum gott samstarf og þingsetu, Kjalnesingum góðar veitingar og árnaði góðrar heimfarar.

Að því loknu sleit forseti 34. þingi U.M.S.K.

Bjarni Þorvarðsson

(sign.)

Jón Ólafsson

(sign.)

PINGSKJÖL 34. PINGS U. M. S. K.

PINGSKJAL I

1. Þingsetning.
2. Kosning kjörbréfaneftndar og álit hennar.
3. Kosning starfsmanna þingsins.
4. Kosning nefndaneftndar.
5. Skýrsla stjórnarinnar og reikningar sambandsins.
6. Álit nefndaneftndar.
7. Íþróttamál.
8. Landsmótið á Þingvöllum.
9. Starfsíþróttir.
10. Félagsmál.
11. Bindindismál.
12. Fréttir frá þingi F.R.I.
13. Fréttir frá þingi K.S.I.
14. Fréttir frá fundi I.S.I. um handknattleikssamband.
15. Fréttir frá sambandsfélögum.
16. Álit þingneftnda.
17. Önnur mál.
18. Stjórnarkosning.
19. Kosnir fulltrúar á þing U.M.F.I. og I.S.I.
20. Kosnir fulltrúar á þing F.R.I.
21. Kosnir fulltrúar á þing K.S.I.
22. Pingslit.

PINGSKJAL II

34. þing U.M.S.K. felur stjórninni að skipa nefnd, er sé henni til aðstoðar við undirbúning, vegna þátttöku sambandsins í landsmótinu 1957.

Pá sé sú nefnd starfandi á Þingvöllum mótsdagana og veiti sambandsfélögum, íþróttamönnum og öðrum þátttakendum alla þá fyrirgreiðslu, sem hún má.

PINGSKJAL III

34. þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórninni að undirbúa bæki-

stöð á landsmótinu á Þingvöllum 1957 til hagræðis fyrir þáttakendur sambandsins. Hafa t.d. afmarkað svæði með merktu hliði, stóru tjaldi og fleirum minni. Þar sé aðstaða til mötuneytis o.fl. Þá sé komið fyrir flaggstöngum fyrir ísl. fánann og hvítbláinn.

PINGSKJAL IV

34. þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn sambandsins að vinna að stofnun handknattleikssérsambands.

PINGSKJAL V

34. þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn sambandsins að athuga á hvern hátt bezt verði við komið söfnun þjóðháttalýsinga á sambandssvæðinu.

PINGSKJAL VI

34. þing U.M.S.K. samþykkir að skora á félög sambandsins að halda árlega innanfélagsmót í starfsíþróttum, þar sem valdir verði keppendur á héraðsmót U.M.S.K. í starfsíþróttum, er einnig fari fram árlega.

PINGSKJAL VII

34. þing U.M.S.K. skorar á U.M.F.I. að efna til námskeiðs fyrir stjórnendur og starfsmenn starfsíþróttamóta.

PINGSKJAL VIII

34. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að koma á leiðbeiningum í starfsíþróttum á sambandssvæðinu. Verði í því sambandi leitað samvinnu við U.M.F.I., bændasamtökin og kvenfélög á sambandssvæðinu.

PINGSKJAL IX

34. þing U.M.S.K. álítur tilkomu starfsíþróttu í félagsmál ung-mennafélaganna þjóðhagslegt stórmál og skorar á Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands að styrkja starfsemina. Þá mælist þingið endregið til þess við Alþingi að hækka framlagið til starfsíþróttu.

PINGSKJAL X

34. þing U.M.S.K. álítur, að félög sambandsins geti bezt unnið að bindindi með því að halda uppi fjölbreyttu félagslífi. Skorar þingið því á félögin að vinna að því að efla félagslega starfsemi og bendir einnig á í því sambandi, að samstarf skóla og félaganna varðandi félagslíf upprenn-

andi kynslóðar er brýn nauðsyn.

PINGSKJAL XI

34. þing U.M.S.K. samþykkir, að árlega fari fram á vegum sambandsins keppni milli félaganna í skák og bridge. Felur þingið stjórn sambandsins að semja reglugerð þar um. Ennfremur athugi sambandið möguleika á keppni milli sambandsins og annarra aðila.

PINGSKJAL XII

34. þing U.M.S.K. samþykkir að koma á skemmtiferð innan sambandsins árlega.

PINGSKJAL XIII

34. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að gangast fyrir samkomu, þar sem félög þess sjái um skemmtiatriði.

PINGSKJAL XIV

34. þing U.M.S.K. skorar á stjórn U.M.F.I. að vinna að því, að þátttaka verði frá Íslandi í móti norrænna ungmannafélaga í sumar.

PINGSKJAL XV

34. þing U.M.S.K. heitir á stjórnir sambandsfélaganna að fá sem flesta til þess að æfa fyrir komandi landsmót, svo að hlutur sambandsins verði sem glæsilegastur. Og þá sérstaklega að halda vakandi áhuga fyrir handknattleik kvenna.

Einnig skorar þingið á sem flesta á sambandssvæðinu að taka þátt í fyrirhuguðum hópsýningum á landsmótinu.

PINGSKJAL XVI

34. þing U.M.S.K. fagnar því, að sambandsfélögin vinni að vallargerðum, um leið og þingið hvetur þau til áframhaldandi framtaks vallarmálunum, heitir það á Alþingi, sýslunefndir Gullbringu- og Kjósarsýslu, bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og hreppsnefndir, að veita til þessara framkvæmda það miklu fé, að vellirnir geti orðið nothæfir sem fyrst.

PINGSKJAL XVII

34. þing U.M.S.K. samþykkir að skora á sambandsfélögin, svo og aðra ungmannafélaga í landinu, að taka virkan þátt í fjöldapáttökumótum

þeim, er stofnað er til af U.M.F.Í. og Í.S.Í.

PINGSKJAL XVIII

34. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að beita sér fyrir innbyrðiskeppni sambandsfélaganna á íþróttavikunni 1957, og verði notaður sami stigaútreikningur og á milli héraðssambanda. Skal það félag, sem flest stig hlýtur miðað við félagatölu, fá að verðlaunum bikar, sem sambandið veitir.

PINGSKJAL XIX

34. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til sambandsfélaga, að þau reyni eftir fremsta megni að örfa sundáhuga á sambandssvæðinu með tilliti til þátttöku í landsmótinu í sumar.

PINGSKJAL XX

34. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að sjá um árlegt knattspyrnumót innan sambandsins, og tilkynni hún sambandsfélögunum um það með sem mestum fyrirvara.

PINGSKJAL XXI

34. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að koma á námskeiði fyrir knattspyrnu- og frjálsíþróttadómara á næsta vori.

PINGSKJAL XXII

34. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að ráða til sín knattspyrnuþjálfara á næsta vori með sérstöku tilliti til landsmótsins í sumar.

PINGSKJAL XXIII

34. þing U.M.S.K. samþykkir að skora á stjórnina að skipa yfiræfingastjóra sambandsins og að skora á stjórnir félaganna að kjósa eða skipa æfingastjóra innan hvers félags í hverri íþróttagrein, sem æfð er á vegum félaganna. Þá samþykkir þingið að fela stjórn U.M.S.K. að ráða íþróttakennara til þess að aðstoða æfingastjórana og annast heildaræfingar sameiginlegrar þátttöku í mótom.

PINGSKJAL XXIV

Vegna vaxandi óánægju með "Skinfaxa", tímarit U.M.F.Í., samþykkir 34. þing U.M.S.K. að skora á stjórn U.M.F.Í. að gera tímaritið

fjölbreyttara, t.d. með því að þar birtist meira frá starfi félaganna og sambandanna.

Einnig sé athugað, hvort ekki sé heppilegra að breyta broti ritsins og gefa það út í fleiri heftum á ári.

PINGSKJAL XXV

34. þing U.M.S.K. samþykkir að hefjast þegar handa um að auðkenna og fá friðlýsta þessa two staði á sambandssvæðinu:

- 1) Stað þann, er Kópavogsfundurinn var haldinn árið 1662.
- 2) Stað þann, er áliðið er að Kjalarnesþing hafi verið háð.

PINGSKJAL XXVI

34. þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn sambandsins að láta gera oddfána og merki fyrir sambandið. Jafnframt minnir þingið á samþykkt 32. þings U.M.S.K. um gerð fána.

PINGSKJAL XXVII

34. þing U.M.S.K. lýsir óánægju sinni yfir því, að fækken landsmóta U.M.F.I. úr 3ja ára fresti í 4ra ára frest, hefir verið samþykkt. Þingið felur fulltrúum sínum á þingi U.M.F.I.í vor, að hlutast til um að landsmótin verði haldin þriðja hvert ár svo sem áður var. Jafnframt verði reynt að auðvelda sambandsaðilum U.M.F.I. að halda mótin.

PINGSKJAL XXVIII

34. þing U.M.S.K. haldið dagana 2.-3. marz 1957 beinir þeim tilmælum til menntamálaráðuneytisins, fræðsluráða og skólanefnda á sambandssvæðinu, að um leið og nýir skólar eru reistir, séu leikfimissalir reistir og leikvellir gerðir við skólana.

PINGSKJAL XXIX

34. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að hefja nú þegar framkvæmdir um skráningu sögu þess, og heimilar henni að fá ritfærar mann til þess.

PINGSKJAL XXX

34. þing U.M.S.K. ályktar: Dvöl erlends herliðs á íslenzku landi er ósamrýmanleg hugsjónum ungmennafélaganna.

Þess vegna telur þingið rétt stefnt með uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin, og telur að ekki beri að framlengja hann í neinni mynd.

PINGSKJAL XXXI

34. þing U.M.S.K. sendir sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar sínar beztu þakkir fyrir auðsýndan skilning á gildi félagsskaparins með veittum fjárstyrk.

PINGSKJAL XXXII

34. þing U.M.S.K. samþykkir að kjósa 5 manna fjáröflunarnefnd til aðstoðar stjórninni við öflun tekna.

PINGSKJAL XXXIII

34. þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn og fjáröflunarnefnd að athuga þá fjáröflunarleið að láta útbúa póst og jólakort með myndum af stöðum á sambandssvæðinu, er yrðu til sölu í verzlunum.

PINGSKJAL XXXIV

34. þing U.M.S.K. beinir þeim tillögum til stjórnar sambandsins, að hún fái kennara til kennslu í þjóðönsum og almennum dansi, er ferðist milli félaganna og skólanna, ef samvinna tekst við þá þar um.

PINGSKJAL XXXV

34. þing U.M.S.K. sendir Ólafi Thors árnaðaróskir og þakkir fyrir hinn ágæta verðlaunagrip, sem hann hefur gefið sambandinu, og keppa á um í frjálsum íþróttum á héraðsmótum þess.

PINGSKJAL XXXVI

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1957

Tekjur:

Skattur frá félögum	kr.	3.288,00
Tekjur af skemmtunum	-	7.000,00
Styrkur frá sýslusjóði Kjósarsýslu	-	5.000,00
- - - Gullbringusýslu	-	2.000,00
- - bæjarstj. Kópavogs	-	2.000,00
Vextir af innstæðum	-	100,00
<u>Tekjur af sölu póstkorta</u>	<u>-</u>	<u>2.000,00</u>

Kr. 21.388,00

=====

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1957. frh.

Gjöld:

Fjölrítun á þinggerð	kr.	1.000,00
Til minnismerkis Aðalsteins Sigmundssonar	-	500,00
Skattur til U.M.F.I.	-	1.233,00
- - I.S.I.	-	844,00
Kostnaður við utanhéraðsmót	-	2.000,00
- - innanhéraðsmót	-	2.000,00
Til íþróttakennslu	-	2.000,00
Til danskennslu	-	2.000,00
Ýmiss kostnaður	-	811,00
<u>Kostn. við 50 ára afmælismót U.M.F.I. ...</u>	<u>-</u>	<u>9.000,00</u>
=====		Kr. 21.388,00

R E G L U G E R Ð

um verðlaunagrip Ungmennasambands Kjalarneßþings,
gefinn af Ólafi Thors, í tilefni 30 ára afmælis U. M. S. K.
árið 1952

1. gr.

Verðlaunagripurinn heitir Ólafsstytta.

2. gr.

Keppa skal um hann á héraðsmóti U.M.S.K. í frjálsum íþróttum.

3. gr.

Verðlaunagripurinn er heiðursverðlaun til handa því félagi, sem héraðsmótið vinnur. Það félag, sem fyrst verður til að vinna hann 5 sinnum, hlýtur hann til eignar.

4. gr.

A. Keppnisgreinar skulu vera fyrir karla: 100 m hlaup, 400 m hlaup, 3000 m hlaup, 4x100 m boðhlaup, hástökk með atrennu, langstökk með atrennu, þristökk, stangarstökk, kúluvarp, kringlukast og spjótkast.

B. Fyrir konur: 80 m hlaup, 5x80 m hlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, kringlukast og spjótkast.

C. Fyrir drengi: 100 m hlaup, 1500 m hlaup, langstökk með atrennu, hástökk með atrennu, kúluvarp, kringlukast og spjótkast.

Keppni skal fara fram, þó ekki mæti nema einn maður til keppni í hverri grein. Enginn keppandi má keppa nema í einum aldursflokk. Að öðru leyti vísast til leikreglna I.S.I.

5. gr.

Stig skulu reiknuð af 4 fyrstu mönnum í hverri grein þannig:
1. maður fær 5 stig, 2.maður 3 stig, 3.maður 2 stig og 4.maður 1 stig. Í boðhlaupi hafa félögin rétt til að senda fleiri en eina sveit, og skal því reikna stigin fyrir boðhlaupið eins og í öðrum greinum. Hvert

félag hefur rétt til að senda svo marga menn sem það óskar til keppni í hverri grein.

6. gr.

Verði tvö félög eða fleiri jöfn að stigum á héraðsmóti, geymir stjórn U.M.S.K. gripinn til næsta héraðsmóts, en vinningur reiknast ekki það árið.

7. gr.

Stjórn U.M.S.K. vátryggir verðlaunagripinn, en handhafi varðveitir hann milli móta. Handhafi skal skila honum til formanns U.M.S.K. minnst 7 dögum fyrir móti.

8. gr.

Stjórn U.M.S.K. skrásetur í sérstaka gerðabók frásögn um mótin, sem keppt er um gripinn. Þar skal taka fram hvar mótið var haldið og hvenær, hvernig veðrið var og hvernig mótið fór fram, hverjir voru starfsmenn mótsins. Þar skal innfæra nöfn, heimili og aldur allra keppenda og afrek þeirra. Gerðabókin er eign U.M.S.K. og fylgir ekki gripnum.

9. gr.

Keppa skal um Ólafsstyttna í fyrsta sinn árið 1957.

Reglugerð þessi var samin í samráði við gefanda og samþykkt á stjórnarfundi U.M.S.K. 26/11 1956.

Armann Pétursson
(sign.)

Gunnar Sigurðsson
(sign.)

Gestur Guðmundsson
(sign.)

Páll Ólafsson
(sign.)

Steinar Ólafsson
(sign.)

L Ö G

Ungmennasambands Kjalarnessþings

samþykkt á 32. þingi sambandsins 9. apríl 1955

1. gr.

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnessþings, skammstafað U.M.S.K. Sambandssvæðið er Kjósarsýsla og þeir hreppar Gullbringusýslu, sem eru norðan Hafnarfjarðar.

2. gr.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög, sem eru og koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það háð í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum í hlutfalli við fulltrúatölu og ber viðkomandi félag allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað fulltrúa. Þó getur sambandsstjórnin ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Til þings skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórn sambandsins getur kvatt til aukaþings ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og vara á aðalfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, 1 fyrir hverja 2 tugi félagsmanna, eða brot úr tug. Þó skulu fulltrúar aldrei kjörnir fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður hvers félags vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþing. Héraðsþing er lögmætt ef 2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðsþingi.

5. gr.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn, 1 frá hverju félagi: Formaður,

varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi.

Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega og síðan 3 meðstjórnendur í einu lagi, og skipta þeir með sér verkum. Auk þess skal kjósa 5 varamenn og taka þeir sæti aðalmanna síns félags í stjórninni. Þá skal kjósa 2 endurskoðendur og 2 til vara.

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins.

Ef deilur rísa milli félaga innan sambandsins ber héraðsþingi að úrskurða þær.

6. gr.

Stjórnin stýrir málfnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir, og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

7. gr.

Innan sambandsins starfar íþróttaráð, sem er myndað af stjórn sambandsins og 1 fulltrúa frá hverju félagi, kosnum á aðalfundum þess.

Sambandsstjórn er kjarni íþróttaráðs. Sér hún um fundarboðun, og skulu íþróttafulltrúar félaganna vera ábyrgir um tillögur og framkvæmdir íþróttaráðs, hver innan síns félags.

Undir íþróttaráð heyra íþróttamál sambandsins í heild, og skal það hafa tilbúna áætlun fyrir starfsárið eftir því sem hægt er fyrir 15. apríl, og senda hana til félaganna.

8. gr.

Innan U.M.S.K. starfar héraðsdómstóll. Í honum eru 3 menn og tveir til vara, kosnir til tveggja ára. Árlega gengur einn maður úr dómnum og kýs ársþingið einn í hans stað. Í fyrsta sinn verði þeir kosnir allir í einu, aðal- og varamenn, en jafnframt dregið um það í hvaða röð sá eini skuli falla úr dómnum.

Þess skal jafnan gæta að kjósa í héraðsdómstól þá menn, er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- eða varamaður.

9. gr.

Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu

og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. febr. ár hvert.

10. gr.

Tillögur til lagabreytinga skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganeftnar, sem skal vera ein af fastaneftnum þingsins.

Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn sambandsins 15 dögum fyrir sambandsþing.

11. gr.

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

12. gr.

Með gildistöku laga þessara eru úr gildi numin eldri lög sambandsins.

HÉRAÐSMEÐ

UNGMENNASAMBANDS KJALARNESSPINGS

31. desember 1956

				sett	1952
100 mtr. hlaup,		11,1 sek.	Methafi Tómas Lárusson	-	1952
200 - -	23,4 -	-	Tómas Lárusson	-	1952
400 - -	51,0 -	-	Tómas Lárusson	-	1952
800 - -	2 mín. 3,6 -	-	Skúli Skarphéðinsson	-	1953
1500 - -	4 - 25,6 -	-	Guðjón Júlíusson	-	1923
3000 - -	9 - 39,0 -	-	Pór Þóroddsson	-	1946
5000 - -	16 - 0,6 -	-	Guðjón Júlíusson	-	1922
10000 - -	31 - 19,2 -	-	Guðjón Júlíusson	-	1922
110 -	grindahl. 16,3 -	-	Tómas Lárusson	-	1952
4x100 -	boðhl. 46,9 -			-	1952
1000 -	- 2 mín. 20,6 -			-	1940
Hástökk,	1,75 mtr.	-	Halldór Lárusson	-	1948
Langstökk,	6,89 -	-	Tómas Lárusson	-	1952
Þristökk,	13,36 -	-	Halldór Lárusson	-	1947
Stangarstökk,	3,00 -	-	Tómas Lárusson	-	1952
Kúluvarp,	13,82 -	-	Reynir Hálfðánarson	-	1954
Kringlukast,	40,30 -	-	Magnús Lárusson	-	1952
Spjótkast,	49,60 -	-	Magnús Lárusson	-	1952
Tugþraut,	5316 stig	-	Tómas Lárusson	-	1952
(Gamla stigataflan 6226 stig)					
Fimmtarþraut,	2615 stig	-	Tómas Lárusson	-	1952
(Gamla stigataflan 2931 stig)					

R E G L U R

fyrir ferðalög íþróttaflokka á vegum U. M. S. K.

Allir þáttakendur og starfsmenn íþróttaflokka, sem ferðast á vegum U. M. S. K., skuli undirrita drengskaparloforð um eftifarandi atriði:

1. Að viðkomandi maður neyti alls ekki áfengis á ferðalaginu.
2. Að viðkomandi maður neyti ekki tóbaks á áberandi hátt og alls ekki á íþróttaleikvangi eða þar sem íþróttir fara fram.
3. Að viðkomandi maður heiti því að vanda framkomu sína á leikvangi og utan hans, og koma í hvívetna fram sem sannur íþróttamaður og góður Íslendingur.
4. Að viðkomandi maður heiti fullkominni hlýðni við fararstjórn og virði settar reglur viðkomandi ferðalaginu.

Stjórn U. M. S. K. skipar fararstjóra fyrir hverja ferð. Á ferðalagi hefur fararstjóri og tveir meðstjórnendur, er kosnir eru af floknum áður en ferð hefst, dómsvald í þeim málum, er lúta að skuldbindingu þessari, og verður domi þeirra ekki breytt meðan á ferð stendur, en áfrýja má honum að ferðalokum til héraðsdómstóls U. M. S. K.

Sé fyrsti liður þessarar skuldbindingar brotinn ber fararstjórn skylda til að víkja þeim brotlega þegar í stað úr floknum, eftir það skal sá er brotið framdi engra hlunninda njóta á vegum floksins.

Séu aðrir liðir þessara skuldbindinga brotnir, skal fararstjórn áminna þann brotlega, en ef brotið er endurtekið, ber fararstjórn skylda til að víkja þeim brotlega úr floknum, eins og um brot á 1. gr. væri að ræða.

Verði fararstjóri brotlegur við framanskráðar skuldbindingar skal hann þegar sviftur völdum og með hann farið sem hvern annan meðlim floksins, og fara þá meðstjórnendur með hans vald, þar til stjórn U. M. S. K. hefur skipað annan fararstjóra.

Sök fararstjóra viðkomandi 1. og 2. gr. skuldbindingarinnar telst

sönnuð, ef þrír þáttakendur flokksins staðfesta sekt hans með undirskrift sinni. Skal sú kæra send stjórn U.M.S.K., er skal þegar skipa fararstjóra í stað þess brotlega.

Að lokinni ferð skal fararstjóri gefa stjórn U.M.S.K. skýrslu um ferðalagið, og skal hún vera staðfest af meðstjórnendum hans.

Reykjavík, 1. júní 1952.

Axel Jónsson

Gestur Guðmundsson

R E G L U R

um hópferðalög á vegum U.M.S.K.

Allir þáttakendur skuli jálast undir eftirfarandi skuldbindingar:

1. Að neyta ekki áfengis í ferðalaginu.
2. Að vanda framkomu sína og heita hlíðni við fararstjórn og settar reglur.

Stjórn U.M.S.K. skipar þriggja manna fararstjórn fyrir hverja ferð, og skal hún gefa stjórn sambandsins skýrslu að ferðalokum.

Gerist þáttakandi brotlegur við framanskráðar reglur, er stjórn sambandsins heimilt að útiloka hann frá þátttöku í hópferðum á vegum sambandsins það almanaksár.

Reykjavík, 1. júní 1952.

Axel Jónsson

Gestur Guðmundsson

BÓKASAFN
NORMENNARÉLAGS ÍSLANDS

